

Ed.

667. Nefndarátt

um frumvarp til laga um lýsismat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og hefir það orðið álit hennar, að

það eigi því að eins að ganga fram, að nokkurn veginn sje víska fyrir því, að matið hafi með höndum menn, sem hafa einhverja verulega þekkingu á lýsi. En nefndin sjer ekki, að þessu verði svo farið, ef fyrirkomulagið yrði það, sem frumvarpið fer fram á, að yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn sjeu sjálfsgðir lýsismatsmenn. Nefndin álitur því rjettara, að lögreglustjórar skipi lýsismatsmenn og munu þeir þá að öðru jöfnu auðvitað skipa fiskimatsmenn, þegar þeir hafa vit á lýsi.

Þá sjer nefndin ekki, að nauðsynlegt sje að lögbjóða prófglós, en auðvitað getur hver lýsiseigandi tekið sýnishorn af lýsi sínu og sent þau, og auðvitað yrði það að öllu á hans ábyrgð, að sýnishornið sje eins og lýsi það, sem sýnishornið á að vera af.

Í samræmi við ofanritað hefir nefndin leyft sjer að orða upp aðra grein frumvarpsins.

Hinar aðrar breytingar, sem nefndin ber fram, eru að eins orðabreytingar.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »úr landi frá« komi:
kaupstöðum eða.

2. Við 2. gr.

2. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, eftir því sem þörf krefur, og rita þeir undir eiðstaf, er stjórnarráðið fyrirskipar. Áhöld til lýsirrannsókna og merkingar leggur landsstjórnin til.

Matsmenn skulu jafnan gefa vottorð um skoðunina, og eru þau vottorð sönnun þess, að lýsið sje rjett flokkað og merkt.

3. Við 3. gr. Fyrir »útflytjendum« komi:
þeim, er mats óska.

Alþingi, 28. ágúst 1917.

Karl Einarsson,
form. og framsm.

M. J. Kristjánsson.

Kristinn Daníelsson.